

Sp.

21. Tillaga til þingsályktunar

[17. mál]

um eftirgjöf lána.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til, að gefin verði eftir að fullu 10½ millj. kr. lán vegna óþurrkanna á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955 og enn fremur allt að 3 millj. kr. lán vegna harðinda og óþurrka 1949—50 á Austur- og Norðausturlandi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar till. fluttu á síðasta Alþingi till. um eftirgjöf ofanefndra lána. Ríkisstjórnin vildi ekki fallast á samþykkt tillögunnar. Í 22. gr. fjárl. þessa árs var ríkisstjórninni gefin heimild til að afhenda bjargráðasjóði þessi lán til innheimtu. Með bréfi, dags. 14. okt. s. l., hefur ríkisstjórnin notað heimildina og afhent bjargráðasjóði skuldabréf fyrir lánunum. Í bréfinu er fram tekið, að heimilt skuli vera að fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti. Það sýnist vera eðlilegra að afgreiða þessi mál á þann hátt, sem farið er fram á með tillögu þessari, en það er að ganga hreint til verks og gefa lánin eftir að fullu. Það, sem bjargráðasjóði er ætlað að vinna samkvæmt bréfi ríkisstjórnarinnar, virðist vera mjög erfitt í framkvæmd. — Þess skal getið, að á síðasta Alþingi var samþykkt að gefa eftir sams konar lán og hér er um að ræða til Austfirðinga. Alþingi hefur því með þeirri samþykkt skapað fordæmi, sem eðlilegt er að fylgja hvað snertir þau lán, sem nefnd eru í þessari tillögu.